

### Ætla að framleiða 3000 tonn

Þóroddur ehf. á Tálknafirði hefur í hyggju að framleiða 3000 tonn af laxi í sjókvíum á sunnanverðum Vestfjörðum. Hreppsnefnd Tálknafjarðar hefur bókað að hún sé fylgjandi áformum um aukið fyrirtækisins fiskeldi. Á fundi bæjarráðs Vesturbyggðar var tekið fyrir erindi Skipulagsastofnunar þar sem óskað er umsagnar um hvort og á hvaða forsendum framleiðsla af laxi sem Þóroddur ehf. hyggst vinna í Tálknafirði og Patreksfirði, skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Bæjarstjóri hefur aflað upplýsinga um afstöðu Hafrannsóknarstofnunar og Fornleifanefndar og telur bæjarráð ekki ástæðu til þess að fram fari mat á umhverfisáhrifum vegna framleiðslunnar. Þóroddur varð til 1. maí 2004 þegar Þórsberg á Tálknafirði og Oddi á Patreksfirði sameinuðu þorskeldisstarfsemi sína.



Í nýútkominni skýrslu um stöðu fiskelda á Íslandi kemur fram að eftir mikinn samdrátt í laxeldi er gert ráð fyrir mikilli aukningu í framleiðslu á laxi. „Árið 2008 nam framleiðslan um 5.000 tonnum og áætlað er að framleiðslan verði svipuð árið 2009 og þar af um 3.000 tonn í bleikjueldi. Á næstu árum verður aukning og spáin er rúm 10.000 tonn árið 2015 og er þá miðað við hugsanlega áform þeirra fyrirtækja sem nú eru í rekstri. Mikil óvissa er þó um þessa spá þar sem ákvörðun um að hefja umfangsmikið eldi í einni eða fleiri stórum fiskeldisstöðvum getur hugsanlega aukið framleiðsluáform umtalsvert,“ segir í skýrslunni.



heimild: [www.360.is](http://www.360.is) [bb.is](http://bb.is)